



FORVARNARSTEFNA

Forvarnargildi íþróttar er mikið og leggur Íþróttarfélagið Fylkir áherslu á að efla allt íþróttastarf í félaginu fyrir alla aldurshópa. Fjölmargar íslenskar rannsóknir hafa sýnt að þátttaka barna- og unglunga í skipulögðu íþróttastarfi dregur úr líkum á að unglingar leiðist út í frávíkshæðun. Þeir unglingar sem leggja reglulega stund á íþróttir eða aðra hreyfingu eru síður líklegir til að sýna neikvætt atferli en aðrir jafnaldrar þeirra. Íþróttaiðkun almennings er einn af lykilþáttum sem geta haft áhrif á lífsstíl fólks í átt að heilbrigðara lífni.

Fylkir:

- vinnur markvisst að því að fjölga iðkendum í íþróttum meðal barna og unglunga og tryggja að börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga, hvort heldur er til ánægju, heilsubótar eða með afreksárangur í huga.
- hvetur aðildarfélög til að kynna vel frístundakortið fyrir foreldrum/ábyrgðaraðilum.
- vill bæta umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk í Reykjavík þar sem afreksíþróttafólk eru fyrirmyndir barna og unglunga og hvetja til þátttöku í íþróttum.
- vinnur markvisst að því með aðildarfélögum að seinka og minnka brottfall úr íþróttum.
- vinnur markvisst að því að auka þátttöku úr hópum fólks af erlendum uppruna þar sem íþróttir eru árangursríkt verkfæri til að aðlaga íbúa að samfélaginu.
- leggur áherslu á að auka þátttöku almennings í almenningsíþróttum og hvetur aðildarfélög til að tryggja gott framboð af fjölbreyttri hreyfingu fyrir fullorðna og aldraða.
- leggur áherslu á að heilbrigður lífstíll og reglubundin hreyfing einkenni líf borgarbúa á öllum æviskeiðum.
- hvetur deildir sínar til að banna neyslu á tóbaki og rafrettum í íþróttamannvirkjum.
- hvetur deildir sínar til að taka afstöðu gegn neyslu á áfengi, tóbaki, rafretta og fíkniefnum í tengslum við æfingar, mót og keppnir.
- vinnur gegn lyfjamisnotkun.

FORVARNARSTEFNA FYLKIS Í OFBELDIS- OG EINELTISMÁLUM

Íþróttarfélagið Fylkir tekur skýra afstöðu gegn ofbeldi, mismunun og áreitni af öllu tagi svo sem einelti, kynferðislegri áreitni, kynferðislegu ofbeldi og kynbundinni áreitni. Öll slík framkoma gengur gegn grunngildum íþróttahreyfingarinnar. Mikilvægt er að öllum líði vel í leik og starfi og að sá grundvallarréttur að fá að vera óáreittur, sé virtur.

Fylkir á að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi eða aðra ótilhýðlega hegðun með forvörnum.

Fylkir líður ekki kynþáttamisrétti eða fordóma af hvaða tagi sem er og hvetur alla sem koma að íþróttastarfi hjá félaginu til að taka ekki undir með þeim sem láta í ljós fordóma og koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur.